

FYRIRSÆT FYLGJA

ICD-10 greiningar:

O44 Fyrirsæt fylgja tilgreind án blæðingar

O44.1 Fyrirsæt fylgja með blæðingu

Við 20 vikna ómskoðun er staðsetning fylgju metin. Ef fylgjan liggur lágt í leginu og er nálægt innra opi leghálssins er talað um lágsæta fylgju. Ef fylgjan liggur yfir innra opi leghálssins er talað um fyrirsæta fylgju. Lágsæt fylgja greinist hjá 4% kvenna við 20 vikna ómskoðun en aðeins 10-20% þeirra eru með fylgju sem enn liggur nálægt eða yfir innra opi leghálssins við 34 vikur.

ÁHÆTTUÞÆTTIR

- Fyrri saga um fyrirsæta fylgju (4-8% líkur)
- Fyrri keisaraskurður, áhættan eykst enn frekar með fjölda keisaraskurða
- Fjölburameðganga
- Fyrri aðgerð á legi, frjósemismeðferð og fleira

ENDURMAT - ÓMSKOÐUN

Staðsetning fylgju er endurmetin við 34v því hún getur breyst frá fyrri skoðun. Ef fyrirsæt fylgja er staðfest þá er gerð áætlun um fæðingu og fæðingamáta miðað við staðsetningu fylgjunnar og sjúkdómsgreining er sett. Hjá 80-90% kvenna er fylgjan ekki lengur fyrirsæt við 34v. og er flestum þeirra óhætt að fæða um leggöng.

- Lágsæt fylgja er þegar fylgjukanturinn er <3cm frá innra opi legháls en þekur það ekki.
- Fyrirsæt fylgja að hluta er þegar fylgjukanturinn er <2 cm frá innra opi legháls.
- Fyrirsæt fylgja er þegar fylgjan þekur hluta eða allt innra op legháls.

EFTIRLIT-MEÐGÖNGUVERND

Fyrirsæt fylgja er ekki áhættuþáttur fyrir vaxtarskerðingu

Konur með lágsæta fylgju fá sjaldan nokkur einkenni á meðgöngu en um 2/3 hluti kvenna með fyrirsæta fylgju geta fengið blæðingu á meðgöngu. Fjöldi blæðingartilvika á meðgöngunni eykur líkur á fæðingu fyrir tímann.

Ef fylgja er fyrirsæt við 34v er mælt með almennri varkárni, e.t.v þarf konan að hætta að vinna ef starf er líkamlega erfitt, hætta í líkamsrækt og forðast samfarir.

Við blæðingu frá leggöngum eða grun um byrjandi fæðingu ætti að hafa samband strax við fæðingadeild.

Ekki er ástæða til að mæla með að kona með fyrirsæta fylgju sé rúmliggjandi né fái sterameðferð til að flýta lungnaþroska fósturs sé hún einkennalaus.

FÆÐING OG VAL Á FÆÐINGARSTAÐ

Eftirfarandi er lagt til grundvallar við ákvörðun um fæðingamáta:

- Fylgjakanturinn er ≥ 2 cm frá innra opi leghálsins er ekki þörf á frekara eftirliti.
- Fylgjan er < 2 cm frá innra opi leghálsins og er þannig lágsæt. Þá er mælt með viðtali við fæðingalækni um kosti og áhættu við fæðingu um leggöng. Hætta á blæðingu eykst því nær sem fylgjan er innra opi legháls.
- Ef fylgjan er fyrirsæt er mælt með fæðingu með keisaraskurði.

Mælt er með að konur með fyrirsæta fylgju fæði á sjúkrahúsi þar sem er fæðingarlæknir, svæfingarlæknir og fyrirburadeild.

Við fyrirsæta fylgju er keisaraskurður ráðgerður við ca. 37v meðgöngu. Hætta er á aukinni blæðingu í og eftir fæðingu. Hætta á legnámi í keisaraskurði vegna fyrirsætrar fylgju er um 9-15%.

Ef fylgjan er fyrirsæt að hluta er metið í hverju tilviki fyrir sig hvort möguleiki sé á að fæða um leggöng.